



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

# Athafnarsvæði í Innri-Gleði- vík á Djúpavogi

*Úttektarskýrsla minjavarðar*

Þuríður Elísa Harðardóttir  
2023



Höfundar  
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir  
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu  
Horft yfir skipulagssvæðið

© 2023  
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík  
Iceland  
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

|     |                                 |   |
|-----|---------------------------------|---|
| 1.  | Aðdragandi vettvangsferðar..... | 4 |
| 2.  | Fyrri rannsóknir .....          | 4 |
| 3.  | Staðhættir .....                | 4 |
| 4.  | Rannsókn – aðferð .....         | 5 |
| 5.  | Niðurstöður .....               | 5 |
| 5.1 | Fornleifaskrá.....              | 5 |
| 6.  | Lokaorð.....                    | 5 |
| 7.  | Heimildaskrá .....              | 6 |

## Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:  
2992

Tilgangur rannsóknar:  
Vettvangsúttekt vegna deiliskipulags

Staðsetning:  
Gleðivík norðan við Djúpavog

GPS:  
724528.23,470475.61

Vettvangstími:  
23. - 26. apríl 2023

Starfsmenn:  
Þuríður Elísa Harðardóttir

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Vegna deiliskipulagsgerðar fyrir nýtt athafnarsvæði norðan við þéttbýli Djúpavogs fór minjavörður á vettvang til að kynna sér svæðið og meta hvort kalla þyrfti eftir frekari skráningu innan svæðisins. Svæðið hafði áður verið aðalskráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2018.



Mynd 1 – Skipulagssvæðið afmarkað með rauðu. Bleikir punktar og flákar tákna minjar.

## 2. Fyrri rannsóknir

Árið 1999 vann Fornleifastofnun Íslands ses. heimildarkönnun menningarminja á svæðinu (Sædis Gunnarsdóttir, 1999). Árið 2018 vann Fornleifastofnun Íslands ses. aðalskráningu fyrir fyrrum Djúpavogshrepp (nú Múlaþing) fyrir þéttbýli Djúpavogs (Kristborg Þórsdóttir, Gylfi Björn Helgason og Stefán Ólafsson; 2018). Sú skráning náði meðal annars yfir fyrirhugað skipulagssvæði.

## 3. Staðhættir

Svæðið er norðan við Djúpavog. Á svæðinu hefur í nokkurn tíma verið rekin ýmis-  
konar atvinnustarfsemi með tilheyrandi uppbyggingu auk þess sem önnur veg-  
tenging inn á Djúpavog liggur þvert yfir svæðið. Hluti skipulagssvæðisins til  
norðurs er nokkuð grýttur og blautur. Óbyggt svæði til suðurs er gróið en hefur  
verið framræst að hluta.

## 4. Rannsókn – aðferð

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi skráningar en sökum eðli þeirrar skráningar, þar sem svæðið var ekki gengið markvisst, fór minjavörður á vettvang og kynnti sér svæðið. Auk þess fór hann í gegnum heimildarskráningu svæðisins, skoðaði gamlar loftmyndir og fór yfir örnefnaskráningu.

## 5. Niðurstöður

Við vettvangskonunn minjavarðar fundust tveir óskráðir minjastaðir.

### 5.1 Fornleifaskrá

**2992-001**

Einföld grjóthleðsla sem er vestan við Tankinn. Mögulega er hér um að ræða hleðslu undir girðingu eða að hún tengist Tankinum frá notkun hans en hann er reistur eftir 1957. Hleðslunni ætti ekki að stafa hættu af framkvæmdum. Aldur hennar er óviss.



Mynd 2 – Grjóthleðsla 2992-001

**2992-002**

Litla tóft er að finna inn á suðurhluta skipulagsins. Hún er um 1,6m á lengd og breidd og með op til norðvesturs. Norðan við hana hefur verið grafinn skurður. Mögulega kann hún að tengjast býlinu Berg (1948) sem stóð norðvestan við tóftina. Tóftin er í stórhættu enda innan byggingarreits. Aldur hennar liggur ekki fyrir.



Mynd 3 – Túft 2992-002

## 6. Lokaorð

Innan svæðisins eru ummerki um fornleifar sem og minjar sem falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar. Flestar af þessum minjum eru utan við framkvæmdarsvæði og með merkingu og að taka tillit til þeirra ætti að vera auðvelt að hlífa þeim við raski vegna uppbyggingar á svæðinu. Einn mögulegur minjastaður er þó í stórhættu en það er túft 2992-002 sem er innan byggingarreits 13a. Áður en framkvæmdir hefjast þar þarf að bregðast við með mótvægisáðgerðum.



Mynd 4 – Horft yfir skipulagssvæðið að hluta til suðurs

## 7. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Kristborg Þórsdóttir, Gylfi Björn Helgason og Stefán Ólafsson. (2018). *Aðal-skráning fornleifa á Djúpavogi : þéttbýli*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.  
<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Sædís Gunnarsdóttir. (2004). *Menningarminjar í Djúpavogshreppi : svæðis-skráning*. Fornleifastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Djúpavogs og Búlandsness. Skráð af Eiríki Sigurðssyni eftir Karli Steingrímssyni. Örnefnastofnun Íslands.

## Myndaskrá

|                                                                                           |   |
|-------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1 – Skipulagssvæðið afmarkað með rauðu. Bleikir punktar og flákar tákna minjar. .... | 4 |
| Mynd 2 – Grjóthleðsla 2992-001 .....                                                      | 5 |
| Mynd 3 – Tóft 2992-002 .....                                                              | 5 |
| Mynd 4 – Horft yfir skipulagssvæðið að hluta til suðurs .....                             | 6 |

## Viðaukar

Skráningartafla  
Landupplýsingagögn